

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 77/97  
frá 12. nóvember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður  
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á  
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar  
nr. 68/97 frá 4. október 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/63/EB frá 30. september 1996 um breytingu á  
tilskipun ráðsins 76/432/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi  
hemlabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 76/432/EBE) í II. kafla II.  
viðauka við samninginn:

„- 396 L 0063: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/63/EB frá 30. september  
1996 (Stjtið. EB nr. L 253, 5. 10. 1996, bls. 13).”.

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 253, 5. 10. 1996, bls. 13.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/63/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Bull

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner